



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um innheimtu leikskólagjalda**

Á fundi borgarráðs, 2. mars 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Undanfarið hafa foreldrar þurft að sækja börn sín fyrir á leikskóla vegna þess að ekki tekst að manna daginn. Einnig hefur þurft að skerða þjónustu leikskóla kerfisbundið vegna manneklu. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvort leikskólagjöldin hafi verið lækkuð í hlutfalli við skerðingu þjónustu.*

#### **Svar:**

Leikskólagjöld eru lækkuð í hlutfalli við skerðingu á þjónustu. Ef leikskólabörn eru send heim eða geta ekki mætt í leikskóla vegna t.d. starfsmannaeklu þá er skráð viðeigandi skerðing í viðveru barnsins. Þegar næsti reikningur vegna dvalar barnsins er keyrður þá reiknast frádráttur vegna skráðra skerðinga næstliðins mánaðar.

Útreikningur er nákvæmur niður á mínútu skerðingar á dvalartíma og einingu máltíða sem barn missir af.

#### *Dæmi 1:*

Barn í 8 tíma vistun (kl. 8-16). Sækja þarf barnið kl. 12 = barnið verður af 4 tímum í leikskólanum (240 mínútum) og 1 síðdegishressingu. Á næsta reikningi kemur útreiknað gjald fyrir þennan tíma og máltíðina til lækkunar.

#### *Dæmi 2:*

Barn í 8,5 tíma vistun (kl. 8-16:30). Leikskólinn getur ekki tekið á móti barninu tvo daga í febrúar. Barnið verður því tvisvar af 510 mínútna vistun og tvisvar af morgunverði, hádegisverði og síðdegishressingu. Hér fyrir neðan má sjá dæmi um hvernig aðferðafræðin er á bak við útreikninginn sem gerist sjálfkrafa m.v. skerðingarskráningu í viðveru barns.

Dvalargjald deilt með fjölda virkra daga pr. viðkomandi mánuð = dvalargjald pr. virkan dag viðkomandi mánuð.

Dvalargjald pr. virkan dag viðkomandi mánuð deilt með tímafjölda vistunar barnsins = mínútugjald viðkomandi mánaðar.

Útreikningur er þannig mismunandi eftir því hversu margir virkir dagar eru hvern mánuð.



# Reykjavíkurborg

Útreikningur niðurfellingar vegna skerðinga t.d. starfsmannaeklu

Dvalartími

8:00 - 16:30 8 tímar og 30 mín

Mínútur m.v. 8 tíma +30 mín vistun

(60x8)+30=510 mínútur

feb.23  
Virkir dagar í mánuði 20

Barn (nafni eytt)	Mánaðargjald 8 tíma		Gjald pr. dag m.v.		Gjald, pr. mínútu		Niðurf. gjalds
	+30 mín vistun	8 tíma +30 mín vistun	8 tíma +30 mín vistun	m.v. 8 tíma +30 mín vistun	Fjöldi mínútur/máltíðir skerðing		
Dvalargjald	21.949	1.097	1.097	2,217	1020	2.261	
Morgunverður	2.664	133	133		2	266	
Hádegisverður	7.997	400	400		2	800	
Síðdegishressing	2.664	133	133		2	266	
	35.274					3.594	

skerðing: Mínútur

1. febrúar - Heill dagur 510

15. febrúar - Heill dagur 510

Alls skerðing mínútur 1020